
DEILISKRÁNING FORNLEIFA Á STOKKALÆK Á RANGÁRVÖLLUM



RITSTJÓRI: KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR

HÖFUNDAR EFNIS: ÁGÚSTA EDWALD MAXWELL, EVA BRYNDÍS ÁGÚSTSDÓTTIR,

KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR & STEFÁN ÓLAFSSON

REYKJAVÍK 2025
FS1039-25021

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumynd er af útihúsi 003 í heimatúni Stokkalækjar.

Myndina tók Kristjana Vilhjálmsdóttir.

Verkefnanúmer MÍ: 3429

©2025

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BRÆÐRABORGARSTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna deiliskipulags á Tindaseli á Rangárvöllum sem áður var hluti jarðarinnar Stokkalækjar. Skráningin var unnin að beiðni Deluxe Lodges. Skipulagssvæðið sem tekið var út var samanlagt um 124,4 ha og var það gengið skipulega við úttektina. Vettvangsvinna fór fram í apríl 2025. Alls voru skráðar 59 fornleifar á 45 minjastöðum. Þar af voru 12 fornleifar metnar í mikilli hættu en 47 í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, Tindasel, Stokkalækur, Rangárvellir, Rangárþing ytra, Fornleifastofnun Íslands

Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out in April 2025 at Tindasel (a farm that was formerly a part of the farm Stokkalækur) in the municipality of Rangárþing ytra. The survey was commissioned by Deluxe Lodges. The survey was carried out within the limits of a detailed planning proposal, which altogether covered a 124,4 ha area. A total of 59 archaeological sites were surveyed at 45 locations. Of those, 12 sites were considered to be at high risk and 47 to be at moderate risk.

Keywords: Archaeology, Tindasel, Stokkalækur, Rangárvellir, Rangárþing ytra, Institute of Archaeology in Iceland.


Efnisyfirlit

I. Inngangur.....	1
II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	3
III. Aðferðir við fornleifaskráningu	5
IV. Fornleifaskrá.....	9
V. Samantekt um sögu svæðis og landshætti.....	51
VI. Niðurstöður og umræða.....	53
VI.I Almenn hættumat.....	56
VI.II Hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda og áhrif framkvæmda á fornleifar.....	57
Heimildir	63
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93.....	65
Viðauki II: Minjakort	67

I. Inngangur

Unnið er að deiliskipulagi í landi Tindasels 1 og 2 á Rangárvöllum í Rangárþingi ytra í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu á hótelfarfélagi og ferðaþjónustu. Því fór fyrirtækið Deluxe Lodges þess að leit við Fornleifastofnun Íslands að stofnunin tæki að sér skráningu á fornleifum innan deiliskipulagsreitsins.

Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fyrir svæðið árið 2007¹ en minjar höfðu ekki verið mældar upp og svæðið ekki verið þaulgengið eins og gerð er krafa um vegna umhverfismats og deiliskipulags. Því þurfti að skoða alla þekkta minjastaði innan marka deiliskipulagsins aftur, mæla þá upp og endurskoða eldri skráningu auk þess að sem ganga þurfti skipulega um deiliskipulagsreitinn í leit að minjum.



*Staðsetning úttektarsvæðis við Tindasel 2025. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf.
Á innfeldu korti er staðsetning úttektarsvæðisins sýnd á Íslandskorti.*

¹ Ágústa Edwald 2008.

Skipulagssvæðið er alls 124,4 ha að stærð. Það afmarkast af Rangárvallavegi til norðurs, af læknum Stokkalæk til austurs og suðurs en vesturmörk eru u.þ.b. við Borgargil sunnantil og frá upptökum gilsins til NNA að Rangárvallavegi. Jörðin Tindasel var áður hluti jarðarinnar Stokkalækjar, og er gamla bæjarstæði og heimatún Stokkarlækjar innan deiliskipulagsreitsins.

Vettvangsathugun fór fram í apríl 2025. Gengið var skipulega um deiliskipulagsreitinn, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Alls voru skráðar 59 fornleifar á 45 minjastöðum innan skipulagssvæðisins. Vettvangsvinna var unnin af fornleifafræðingunum Evu Bryndísi Ágústsdóttur, Kristjönu Vilhjálmsdóttur og Stefáni Ólafssyni. Kristjana sá um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru. Í fimmta kafla er tekin saman saga svæðis og fjallað um landshætti en í sjötta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og viðaukar (hnitaská ISN93 og minjakort).

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna

völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.




III. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (SP, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við einingannúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001_01). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens Númer fornleifar á tiltekinni jörð Sérheiti Tegund Hlutverk Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn **SF-175:009** **Sveinshlaða** **tóft** **hlaða** **E: 528751 N: 352323**

 *Sveinshlaða 009, horft til norðurs*

 *Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning*

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar *Hætta sem stoðjar að fornleif*

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari fersla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund,

hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um...“, t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir séu þær fyrir hendi en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi eða standa yfir. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hættu og tímabundin hættu.

Skýringar

● Fornleif	□ Niðurgroftur	□ Afmörkun deiliskipulagsreits
● Ungar minjar	■ Fornleif merkt af loftmynd, fláki	□ Fyrirhugaðir byggingarreitir
□ Bæjarhóll	— Kantur	■ Fyrirhugaðar byggingar
▨ Grjót	----- Klettur	□ Fyrirhuguð hreinsivirki
■ Torf	--- Leið	— Fyrirhugaðir vegir, stígar og bílastæði
▨ Torf og grjót	--- Fornleif merkt af loftmynd, lína	
□ Þúst	--- Horfnar fornleifar (gróflega áætluð staðsetning)	

Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttekta-svæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.



IV. Fornleifaskrá

RA-281 Stokkalækur

1711; 20 hdr. Keldnakirkjueign. JÁM I, 240.

Stotalækur er nefndur í Njálssögu: „Egill hét maðr; hann var Kolsson, Óttars sonar ballar, er land hafði numit meðal Stotalækjar ok Reyðarvatns.“ ÍF XII, 147.

1397: Máldagi Oddakirkju á Rangárvöllum: „ad Statalæk g(ell)dingur) gamall oc annar tuæuetur.“ DI IV, 72. Máld. 1480 er samhljóma. DI VI, 324.

[1491-1518]: Máldagi Keldnakirkju á Rangárvöllum. „Kirkia sancti pauli apostoli a keldum a nv alla iordina stockalæk.“ DI VII, 40. Máld. 1553 er samhljóma. DI XII, 654.

„Bærinn Stokkalækur finnst fyrst nefndur í Vilkinsmáldaga Oddakirkju sem skráður var 1397. Þar er bærinn nefndur Statalækur, en það mun vera afbökun af Stotalækur, en svo er lækurinn sem bærinn er kenndur við nefndur í Njálu.“ VS: Rangvellingabók II, 402.


1917: Tún 4,9 ha, þar af 4,5 ha slétt, garðar 552 m². Túnakort 1917.

1711: „Túninu grandar blástur, sandur og skriður í leyingum og hefur um manna minni jafnvel næstu 20 ár, tekið af því fjórða part. Beitolandinu spillir líka blástur og sandur.“ JÁM I, 241

1840: „Hagasamt á vetrum en landlétt. Heyskapur enginn utan túns. Liggur undir nokkrum áföllum af sandfoki, gengur þó ei ennú mikið af sér.“ 1849: „Tún slétt og góð, engjar engvar. Land til hagbeitar fyrir sauðfé gott og kýr sæmilegar. Gripagagn gott sumar og vetur.“ 1884: „Haglendi norðan og austan í landareigninni sem var það kjarnbesta, er nú gjöreytt, og það af högunum, sem ekki hefur nýlega orðið fyrir stórkostlegum skemmdum, er bæði þröngt og magurlent.“ VS: Rangvellingabók II, 403 1916-1918: „Túnið er alt slétt og greiðfært; taða 130 h. Matjurtagarðar eru meðal uppskera 8 tn. Engjar sem engar; hey 20 h. - Alt hey annað, 300 h, sótt í Grafarnes. [...] Beitoland lítið en fremur gott. Hæg smalamenska. - Töluverð hætta af uppblástri.“ Rangárvallasýsla - Undirmat, Fasteignamat 1916-1918, 83.

1940: „Tún: Þurrhent, 1/2 vélfært, 1/2 greifært. Engjar. Samfelldar, greiðfærar. Mýri og valllendi. Meirihluti þurrhent. beitoland: Að mestu mólendi. Fremur lítið. Gott til allrar beitar. Ókostir: Lítil háttar sandfok á haga. - Aurrennisli á engar.“ VS: Rangvellingabók II, 403

„Gróið land Stokkalækjar er að mestu mólendi en einnig mýri að hluta og er gott beitoland. Nokkur hluti jarðarinnar er örfoka sandur innan sandgræðslugirðingar og græddur upp að nokkru.“ SB V, 79



Kort sem sýnir hnitsett túnakort Stokkalækjar RA-281 frá árinu 1917 og skráðar minjar.

RA-281:001_01 Stokkalækur bæjarhóll bústaður 445706 367489

Á Stokkalæk stendur nú bárujárnsklætt timburhús (byggt 1946 og 1969) með kjallara og risi. Húsið stendur á flöt sunnan við grasivaxinn hól milli bæjar og heimreiðar. Aftan (nordan) við það er talsverður hóll 01 og í honum er torfkofi 02 sem er samkvæmt heimildamönnum, Ingu Ástu og Péttri Hafstein, leifar hlóðældhúss sem hér var. Austan við eldhúsið eru nýlegar torf- og grjóthleðslur í hólnum en þar stóð fjós. Fjósið var rífið skömmu fyrir



Bæjarhóll 001_01, horft til VNV.

skráningu 2007 og grjótið endurhlaðið í tóftinni til að mynda einskonar lund (sem nú ber nafnið Víglundur eftir hleðslumanninum). Líklega hefur gamli bærinn staðið á þessum hól enda kemur það vel heim og saman við uppdrátt Helgu Skúladóttur af bænum en þar er eldhúsið í honum miðjum og fjós austast. Hóllinn er um 950 m sunnan við þjóðveg, um 5

m norðan við íbúðarhúsið. Staðurinn var fyrst skráður 2007 en var heimsóttur aftur 2025 og var lýsing þá uppfærð.

Hóllinn er gróinn, að norðan er grasivaxin hæð en í aðrar áttir er malarplan við íbúðarhúsið.

Hóllinn er um 45 x 23 m stór og snýr A-V. Hann er hæstur frá suðri um 2 m. Til norðurs rennur hann saman við grasivaxna hæðina og er því lágur. Vestast á honum er flaggstöng og þar hefur verið plantað trjám. Þegar staðurinn var heimsóttur vor 2025 hafði lítið hús nýlega verið byggt fast suðvestan við bæjarhólinn, en á loftmyndum í safni Loftmynda ehf og Náttúrufræðistofnunar (áður LMÍ) frá því fyrir 2022 sést malarplan á þessu svæði, og virðist þar standa mannvirki á loftmynd 1994 sem horfið er um 2000. Við byggingu nýja hússins hefur þó verið grafið inn í suðvesturhorn bæjarhólsins á um 3,5 x 2 m stóru svæði (norður-suður) og var sniðið um 1 m á hæð. Grjót sást á stöku stað í sniðinu en ekki voru greinilegar hleðslur. Nokkur fjöldi gripa var í sniðinu (leirker, gler, járn, steinkol og dýrabein), líklega frá seinni hluta 19. aldar til 20. aldar og voru lausir gripir tíndir upp til afhendingar Þjóðminjasafni Íslands.



Rask á bæjarhól 001_01, horft til ASA.

Hættumat (almennt): mikil hætta, vegna byggingar

Hættumat (vegna tilefnis): mikil hætta, vegna vegagerðar


Heimildir: Túnakort 1917; HS, viðauki.

RA-281:001_02 hús eldhús

445702 367483

Uppdráttur af bænum eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Fyrir neðan hann segir: „ A baðstofa og geymsla (7,3x4x2,3 m), B stofa, dyr, eldhús og geymsla, C hlaða (grjótveggir), D lambhús (skúrþak), E fjós, F hlaða, G hesthús, H taðhús,, Hlóðaeldhúsið sem enn stendur í hólnum skemmdist talsvert í jarðskjálfta árið 2000 en til stóð að lagfæra það þegar húsið var skráð árið 2007. Það er um 7,5 x 6,5 m stórt með dyrum á miðjum suðurvegg. Það er enn undir þaki. Ekki var hægt að fara inn í það árið 2007 vegna skemmda sem urðu við jarðskjálfta en að utan eru um 6 umför grjóts greinileg í hleðslum suðurveggjarins.

Þegar staðurinn var heimsóttur 2025 hafði eldhúsið verið lagfært. Það er enn svipað að



Eldhús 001_2, horft til norðvesturs á ljósmynd.

útliti en af samanburði við ljósmyndir 2007 að dæma virðast a.m.k. hleðslur að utanverðu á suðurhlið hafa verið að fullu endurhlaðnar. Á einn stein austan dyra er klappað ártalið 1936. Ekki sjást grjóthleðslur á öðrum hliðum að utanverðu en að innan eru grjóthlaðnir veggir, um 1,5-1,7 m á hæð, og er um 10-11 umför af grjóti í hleðslum. Hlóðir eru í suðvestur horni hússins og hangir pottur yfir. Hesthauskúpa sat á norðurvegg við heimsókn 2025.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917; HS, viðauki.

RA-281:002 heimild um útihús

445605 367405

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m suðvestan við bæ 001 og um 80 m VNV við útihús 003. Staðurinn var fyrst skráður árið 2007 en var heimsóttur aftur 2025. Engu er við fyrri lýsingu að bæta.

Þar er nú sléttað tún. Um 10 m vestar er gilskorningur og um 10 m sunnar er dalverpi í túninu.

Engin ummerki hússins sjást.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar


Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

RA-281:003 *Smiðja* tóft smiðja

445671 367366

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m sunnan við bæ 001. Þar er nú tóft sem jafnan er nefnd Smiðja. Tóftin er fast við brekkubrúnina þar sem land steypist niður að



Smíðja 003, horft til suðausturs á ljósmynd.

Stokkalæk til suðurs. Tóftin var fyrst skráð árið 2007 en var heimsótt aftur 2025 og var lýsing þá uppfærð.

Til suðurs er gróin hlið niður að læknum en í aðrar áttir er slétt tún.

Tóftin er um 10,5 x 5,5 m stór og snýr austur vestur. Hún er tvískipt. Eystra hólfið er enn undir þaki sem er þó að hruni komið. Þegar tóftin er var heimsótt 2025 stóðu sperrur enn en torf var að mestu farið af þakinu, nema neðst austan og vestan til. Þar voru hellur lagðar ofan á sperrurnar en plastdúkur á milli hella og torfs. Hólfið er um 2,5 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Dyr eru á miðjum norðurvegg þess. Stallur er við austurhlið, um 30 cm á breidd og hæð. Vestara hólfið er einnig um 2,5 x 1,5 m að innanmáli og snýr eins. Það er opið til norðurs. Hleðsluhæð veggja tóftarinnar er hæst að sunnan um 1,5 m en lægri annarsstaðar um 0,5m. Bæði hólfin eru lítið eitt niðurgrafin og er um 30 cm djúpur kantur við op inn í hólfin. Skýrar grjóthleðslur eru í veggjum tóftarinnar að innan, mest sjö umför í eystri hluta en þrjú í þeim vestri.

Hættumat (almennt): engin hætta


Hættumat (vegna tilefnis): mikil hætta, vegna byggingar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-281:009_01 tóft fjárhús

445286 367475

„Litlagil nefnist næsta gil fyrir austan Arnarnef, og upp af því Háunefin (Völlurinn er að blása). Fyrir vestan ærhúsin skerst all hrikalegt gil inn í vallarbrúnina, sem er nefnt Borgargil,“ segir í örnefnalýsingu. Ekki er hægt að átta sig á því hvort hér er átt við stakt ærhús eða fleiri. Líklegra er þó að á þessum stað hafi verið fleiri en ein fjárhús því samkvæmt dönsku herforingjaráðskortunum sem voru gefin út á árunum 1903-15 og kortum Bandaríkjahers sem gerð voru 1945-1946 má sjá merkt fyrir þremur húsum á þessum stað og verður fjallað




Minjastaður 009 og nærliggjandi fornleifar. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

um þau hér undir númerunum 01, 05 og 06. Svæðið sem minjarnar eru á er 190 x 20 m að stærð, snýr vest-suðvestur og aust-norðáustur og er innan grösugs túns. Auk fjárhústóftanna eru tvö heystæði 07 og 04, garðlag 03 sem er líklega partur af túngarði. Áfast garðlaginu er tóft 02. Austurendi þessa svæðis er um 420 m beint vestan við bæjarhól 001 og rúma 30 m norðan við þúst 049. Upphaflega var svæðið skráð sumarið 2007 en heimsótt aftur 2025 og skráning uppfærð við það tækifæri.

Tóftasvæðið er á lágum ávölum rima sem liggur frá aust-noðraustri til vest-suðvesturs Flatlent er beggja megin við hann en mun grösugra er sunnan megin við hann. Gróðurhulan þynnri á svæðinu að norðan verðu.

Lýsingin hefst á fjárhústóft 01 sem er um 16x6m að stærð og snýr svo til alveg í norður og suður. Hún er tvískipt, skiptist í fjárhús og hlöðu. Hlaðan er norðan við fjárhúsin og grafin inn í brekkuna. Hún er 3 x 2 m að innanmáli og ríflega 2 m á dýpt. Í henni er bárujárnsplata, eflaust úr þaki hússins. Op er á milli hlöðu og fjárhúsa. Fjárhúsin eru 11 x 2,5 m að innanmáli. Ekki er hlaðinn veggur við suðurenda þeirra og mun þar hafa verið þil úr timbri og/eða bárujárni. Ekki markaði fyrir hlöðnum garða í fjárhúsunum. Tóftin er öll á kafi í grasi en innrabyrði hennar hefur verið grjóthlaðið og mátti þar bæði sjá hraungrjót og sandstein í hleðslum. Grjóthleðslan var tekin að síga, sér í lagi nyrst í hlöðunni og var opið



Tóft 009_01 horft til suðurs á ljósmynd.

rof í henni þar. Vegghleðslur eru um 1,5 m að breidd. Ytrabyrði er 50-70 cm á hæð en innra byrði fjárhúsa um 70 cm og hlöðu allt að 2 metrar.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stokkalækur, 3, Hkort 48NA, Kortadeild Bandaríkjahers (AMS)

RA-281:009_02 garðlag túngarður

445280 367484

Rúman 1m norðan við tóft 01 er garðlag. Töluverð túnasléttun hefur átt sér stað á svæðinu og bera t.d. tóftir 05 og 06 sem fjallað er um hér á eftir vott um það. Mikilar líkur eru því á að stór hluti af þessu garðlagi hafi líka verið sléttaður og því ekki útilokað en að það hafi afmarkað túnið og því hlaðið sem túngaður. Sá hluti þess sem enn er sýnilegur er um 55 m að lengd og snýr svo til í vestur og austur. Það er 70-100 cm á breidd og 50-80 cm á hæð. Milli garðlags og fjárhúsa 01 vottar fyrir ójöfnu sem tengir minjarnar saman. Greinileg ummerki eftir torfskurð er sjá meðfram norðurhlið garðlagsins og er kanturinn 30-50 cm djúpur. Tóft 03 er áföst garðlaginu að sunnanverðu. Engar grjóthleðslur sjást í garðlaginu sem er orðið mjög



Garðlag 009_02, horft til vesturs.

sigið og rúnnað. Ekkert opið rof sást í garðlaginu.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:009_03 tóft heystæði

445276 367481

Tóft 03 er áföst garðlagi 02 að sunnanverðu. Hún er 6 x 4m að stærð og hefur henni verið ýtt út við túnasléttun. Hún er einföld og er um 4 x 2m að innanmáli. Hólfíð snýr í vestur og austur eins og garðlagið. Op er á henni fyrir miðri suðurhlið. Veggheðslurnar eru um 1 m að breidd og mestalagi um 30 cm á hæð. Ekkert grjót sést í veggheðslum og ekkert rof. Lítið er hægt að segja með vissu um hvað hlutverki hún þjónaði en heystæði eða kannski kró gætu komið til greina.



Tóft 009_03, horft til vesturs á ljósmynd.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:009_04 tóft heystæði

445273 367471

Tóft 04 sem er líklega heystæði er 8 m vestan við fjárhústóft 01, tæpa 9 m sunnan við garðlag 02 og tæpa 5 m sunnan við tóft 03. Þetta er upphlaðinn ferhyrndur pallur sem er um 5 x 5 m að stærð og 30-50 cm hár. Hliðar hans eru aflíðandi og þá er hann á kafi í grasi/sinu.

*Tóft 009_04, horft til norðurs.*

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:009_05 þúst fjárhús

445234 367461

Samkvæmt dönsku herforingjaráðskorti sem gert var 1908 og kortum Bandaríkja-hers sem gerð voru 1945-1946 stóðu þrjú hús á svæðiu og mun þúst 05 vera leifar af einu þeirra. Að öllum líkindum mun þetta hafa verið fjárhús. Þústin er 450 m vestan við bæjarhól 001, rúma 40 m vestan við tóft 009_01 og rúma 25 m austan við tóft 009_06. Tóftin hefur verið sléttuð en sýnilegar leifar hennar eru 14 x 10 m að stærð og snúa norðaustur og suðvestur. Hleðsluhæð gæti verið 50-80 cm. Ekki sér móta fyrir hólfum en að suðaustanverðu gengur óljós geil inn í þústina.

*Þúst 009_05, horft til austurs.*

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar


Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Hkort 48NA

RA-281:009_06 tóft fjárhús

445199 367450

Samkvæmt dönsku herforingjaráðskorti sem gert var 1908 og kortum Bandaríkjahers sem gerð voru 1945-1946 stóðu þrjú hús á svæðinu og mun þúst 06 vera leifar af einu þeirra. Að öllum líkindum mun þetta hafa verið fjárhús eins og tóft 01 og þúst 05. Tóftin er 500 m vestan við bæjarhól 001 og 80 m vestan við tóft 009_01. Tóftin hefur verið sléttuð en sýnilegar leifar hennar eru 10 x 9 m að stærð og snúa vestur og austur. Hún er til þess að gera frekar ferhyrnd en með mjög rúnnuð horn. Hleðsluhæð er 30-100 cm. Í miðjunni á henni mótar fyrir hólfi sem er 3 x 2 m að innanmáli og snýr einnig vestur og austur.



Tóft 009_06, horft til suðurs á ljósmynd.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Hkort 48NA

RA-281:009_07 gryfja óþekkt

445125 367433

Manngerð gryfja 07 er vestast á minjasvæðinu. Hún er 580m vestan við bæjarhól 001 og um 70m vestan við tóft 009_06. Hún er 5,5 x 2,5m að innanmáli og snýr norður og suður. Gryfjan er 30-50 cm djúp og frekar flöt í botninn. Lítið er hægt að segja til um hlutverk en það er ekki alveg óþekkt að stundum hafa svona gryfjur verið notaðar sem vatnsból.



Gryfja 009_07, horft til norðurs.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda


RA-281:011 tóft fjárhús

445528 367520

„Lágivöllur, svo er sléttan nefnd, sem liggur vestur af túninu. Upp af honum er Lambhúshóll. Þar standa nú fjárhús og umhverfis þau byrjun til nýræktar,“ segir í örnefnalýsingu. Fjárhústóftin sést enn um 180 m vestan við bæ 001, fast sunnan heimreiðar og norðan slóða sem liggur vestur á tún. Tóftin var fyrst skráð árið 2007 en var heimsótt aftur 2025 og var lýsing þá endurskoðuð.

Tóftin er í grasivaxinni kvos, neðan, sunnan heimreiðar. Norðar eru sléttuð tún.

Tóftin er um 16x15 m stór og snýr norður-suður. Hún er þrískipt. Í austasta hólfinu I, sem



Tóft 011, horft til austurs á ljósmynd.

er stærst eru fjárhús með garða. Hólfíð snýr norður-suður og er um 14 x 4,5 m stórt að innanmáli. Þil hefur verið á suðurhlið og sést þar um 20 cm hár kantur. Grjóthlaðinn garði er í miðjum fjárhúsum, um 8 x 1 m að stærð og 20 cm á hæð. Nyrst í hólfinu er gryfja (hlaða), um 3 m djúp. Hlaðan er um 5 m af lengd hólfs I, og er mjórri en syðri hluti hólfsins, um 3 m á breidd. Leifar af járnbraki eru í hlöðunni. Tekið er að gróa yfir hleðslur en mest sjást um 3-4



Hólf I í tóft 011, horft til NNA.

umför af grjóti í hleðslum að innanverðu. Hæð veggja að innanverðu er um 70 cm og sú sama að utan syðst en norðantil er tóftin grafin inn í brekkuna og er norðurhlið jöfn jörðu.

Vestan við hólfs I eru tvö hólfs, II og III. Hólf II er sunnar og var það enn undir þaki árið 2007. Hólfíð er um 3,5 x 2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Árið 2007 var timbur- og bárujárnsþil á vesturhlið með dyrum í miðju. Árið 2025 höfðu allar leifar þaks og þils verið hreinsaðar burt og hólfið opið til vesturs. Hæð veggja er um 100-120 cm og sést grjót vel í innra byrði veggja, mest 7 umför í hleðslum. Hlutverk hólfsins er ekki þekkt en mögulega gæti verið um hrútakofa að ræða.

Hólf III er fast norðan við hólfs II. Það er um 3,5 x 2,5 m að innanmáli (austur-vestur) með op til vesturs og stendur um 80 cm hærra en hin hólfin. Hæð veggja er um 15-30 cm og sést hvergi í grjót. Mögulega er um heystæði að ræða.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Stokkalækur, 3

RA-281:012 Réttargil hleðsla rétt 445497 367458

„Fyrir austan völlinn [Lágavöll sjá 011] er Réttargil, er það grafið eftir aðrennslisvatni. Nafnið dregur það af fjárrétt, sem byggð er í botni þess,“ segir í örnefnalýsingu. Réttin í Réttargili er um 200 m vestan við bæ 001 og um 60 m suðvestan við fjárhústóft 011. Tóftin var fyrst skráð árið 2007 en var heimsótt aftur 2025 og var lýsing þá endurskoðuð.

Réttin er í mosavöxnum botni gilsins.

Réttin er einföld, um 11 x 6 m stór og snýr ASA-VNV. Tvær hliðar réttarinnar, til NNA

og SSV eru myndaðir af náttúrulegum börmum gilsins en ASA- og VNV-veggir eru hlaðnir úr grjóti. Nú (2007 og 2025) er réttin opin í VSV- og SSA-horni en hugsanlega hefur einhver hluti hleðslanna verið fjarlægður eða hrunið. Líklegt er að í opunum hafi verið trégrindur. Upp við SSA-opið eru dálitlar viðarleifar. VNV-veggur réttarinnar er um 3 m langur og um 0,7 m hár en ASA-veggur er um 4,5 m langur og um 1 m hár.



Rétt 012, horft til NNV.


Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stokkalækur, 4

RA-281:013 *Fornukvíar* tóft kvíar 445521 367400

„Austan við það [Réttargil 012] er Kvíaflöt, sem nú er orðin að túni. Þar stóðu kvíarnar, meðan fært var frá,“ segir í örnefnalýsingu og síðar: „Suðvestur af bænum er Lambhúslaut [024]. Austanvert í henni eru Fornukvíar, sem munu hafa verið notaðar áður en færíkvíar þekktust.“ Kvíaflöt er suðvestan við bæ og líklegt að hún beri nafn sitt af Fornukvíum. Við austurbakka Réttargils, vestur undir Kvíaflöt er tóft - hugsanlega af Fornukvíum sem flötin dregur nafn sitt af. Tóftin er um 65 m sunnan við réttina 012 og um 200 m vestan við bæ



Tóft 013, horft til NNA á ljósmynd.

001. Tóftin var fyrst skráð árið 2007 en var heimsótt aftur 2025 og var lýsing þá endurskoðuð. Tóftin er í fremur brattri hlíð, efst í bakka Réttargils. Fast austan við hana er sléttað tún. Hlíðin er fremur þýfð og mosavaxin.

Tóftin er um 5,5 x 5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld með dyrum á miðjum suðvesturvegg. Hvergi sér í grjót í hleðslum tóftarinnar sem eru hæstar um 1 m að innanverðu á norðausturhlíð, en eru víðast lægri, 30-40 cm. Fast sunnan við tóftina er sem stungið hafi verið niður í barma gilsins og einskonar gerði myndað. Mögulega hefur þar verið tekið efni, en einnig gæti verið um eiginlegt hól af ræða. Það er um 3 x 1 m stórt, opið til suðvesturs að gílinu. Hæð kanta gerðisins er um 20-40 cm, hæst nyrst.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stokkalækur, 4,5.

RA-281:014 varða óþekkt

445329 368070

„Stokkalækjarhólar heita einu nafni þrír stórir hólar norðvestur af bænum. Eru tveir þeirra allhár og sjást víða að. Skyggirnir heitir sá fremsti. Er af honum gott útsýni (hann er 147 m yfir sjó). Blásinn er hann af bakkabroti, en er nú farinn að gróa á ný. Á honum er varða allmikil,“ segir í örnefnalýsingu. Varðan á Skyggni er um 700 m norðan við bæ 001 og um 200 m sunnan við vörðu 036. Varðan var fyrst skráð árið 2007 en var heimsótt aftur 2025.



Varða 014, horft til suðvesturs.

Varðan er á berum mel uppi á háum hól. Malarslóði liggur upp að vörðunni frá Tindaselsvegi, heimreið að bænum.

Varðan hefur auglýsilega verið endurbyggð nokkuð nýlega en við rætur hennar vex mosi og lyng svo hún er ugglaut byggð á gömlum grunni. Skráning vörðunnar frá 2007 var endurskoðuð vorið 2025 og hafði ástand hennar lítið breyst á þeim tíma en lítillega hefur hrunið úr henni til suðurs. Varðan er um 3 m í þvermál en hæðin er um 0,8 m. Slóðinn sem

liggur að vörðunni virðist vera nýlegur en grjóti hefur verið raðað meðfram slóðanum og upp að vörðunni alla leið frá Tindaselsvegi.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stokkalækur, 4

RA-281:020 *Gamlavað* heimild um vað

445777 368105

„Þarna [við 019] eru á læknum svonefndir Steinbogar, Gamli-Steinbogi og Steinbogi, Nýi-. Milli þeirra er svonefnt Gamlavað,“ segir í örnefnalýsingu. Gamlavað er um 630 m NNA við bæ 001 og um 420 m sunnan við Prestsvað 019. Staðurinn var fyrst skráður árið 2007 en var heimsóttur aftur árið 2025 og er engu við fyrri lýsingu að bæta.



Gamlavað 020, horft til suðausturs.

Við Gamlavað standa klettasnasir fram í lækinn og þrengja farveg hennar. Vaðið hefur verið nær syðri snösinni en þar rennur lækurinn í dálítilli bugðu.

Greinilegar kindagötur liggja að vaðinu Keldna megin. Þar er bakkinn grasivaxinn og lágur er hækkar fljótt til austurs. Bakkinn er öllu hærri Stokkalækjar megin og algróinn.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:021 gata leið

445684 368037

„Þarna [við Prestsvað 019] eru á læknum svonefndir Steinbogar, Gamli-Steinbogi og Steinbogi, Nýi-. Milli þeirra er svonefnt Gamlavað [020]. Á götunni frá Steinboga heim norðanvert við túnið er falleg og slétt flöt, sem heitir Messuflöt,“ segir í örnefnalýsingu. Leiðin er merkt sem óviss gata á herforingjaráðskort frá 1908. Messuflöt er austan Loðsu og vestan malarhóls, milli hennar og Stokkalækjar. Á milli flatarinnar og malarhólsins er dálítill dæld og í henni eru grunnir skorningar. Þeir eru um 580 m norðan við bæ 001. Leiðin var upphaflega skráð árið

2007 en vorið 2025 var aftur farið á vettvang og eldri skráning endurskoðuð.

Skorningarnir eru á hálfgrónum mel, að austan er gróin Messuflötin en melurinn teygir sig í aðrar áttir. Leiðin liggur norður gegnum gras- og mosavaxið svæði.

Skorningarnir liggja norður-suður á milli Messuflatar og malarhólsins sem hér er og beygja svo til austurs fyrir hólinn í átt að Keldum. Þeir eru um 5 samsíða, á um 3 m breiðu svæði. Skorningarnir eru mjög grunnir, innan við 10 cm á dýpt. Leiðin hefur líklega verið kirkjuleið frá Stokkalæk að Keldum, samanber örnefnið Messuflöt. Þegar ummerki um leiðina voru skoðuð árið 2025 sáust ekki grunnar götur á Messuflöt. Um 300 m norðar á leiðinni, suðaustan við Prestvað 019 sjást áberandi götur á loftmynd, sem liggja í sömu stefnu og göturnar sem skráðar voru árið 2007 og eru líklega hluti af sömu leið. Þar sem leiðin sést á loftmynd er hún um 200 m að lengd og virðast göturnar dreifast á um 20 m breitt svæði.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5; Hkort 48NA

RA-281:022_01 hellir

445763 367344

„Skagar heita tangarnir fram af túninu. Þar er smáskúti, dottinn hellir, sem notaður var til að setja upp mjólk, áður en skilvindur komu,“ segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum segir ennfremur: „Á Stokkalæk voru tveir hellar, báðir fyrir löngu niður fallnir. Í öðrum þeirra var gert til mjólkur eftir því sem sagt er.“ Í litlum grasivöxnum slakka, um 150 m sunnan við bæ 001 og um 110 m suðaustan við smiðjutóftina 003 er smávegis fallinn hellisskúti 01 og í botni slakkans sunnan og austan við hellinn er sem stungið hafi verið upp úr slakkanum (02). Stungan og skútinn eru á svæði sem er um 11 x 5 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur.



*Hellir 022_01 og aðbald 022_02,
horft til VNV.*

Slakkinn er mjög gróinn en vesturbakki hans er ógróinn sunnan til þar sem skútinn er.

Skútinn 01 er í raun sandsteinsklöpp sem stendur út úr barmi slakkans. Brotnað hefur af henni og liggur stórt stykki framan við skútann. Hann er um 1 m hár, frá yfirborði og upp að

klöppinni og um 4,5 m á breidd. Ekki er hægt að tala um neina dýpt á hellinum.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5; SB V, 14.

RA-281:022_02 kantur óþekkt

445769 367341

Um 4,5 m suðaustan við skúta 01 í botni slakkans er sem stungið hafi verið upp úr honum á milli austur- og vesturbarma hans og einskonar aðhald 02 myndað. Stungan myndar L og er um 0,8 m djúp og um 5,5 x 2 m að stærð.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda



Aðhald 022_02, horft til ANA.

RA-281:023 heimild um akur

445700 367325

„Upp af austurtanganum er Litlidalur, ferhyrndur, allstór blettur, hlaðinn, e.t.v. gamalt korngerði,“ segir í örnefnalýsingu. Litlidalur er um 150 m sunnan við bæ 001 og um 60 m suðaustan við Smiðjutóft 003. Staðurinn var fyrst skráður árið 2007 en var heimsóttur aftur 2025. Engu er við fyrri lýsingu að bæta.

Mikill gróður er í dalnum, hátt gras og illgresi enda jarðvegurinn hér ef til vill frjórri en annarsstaðar ef hér hefur verið korngerði.

Engin ummerki gerðisins sjást í dalnum.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:024 *Lambhúslaut* örnefni lambhús 445556 367394

„Suðvestur af bænum er Lambhúslaut. Austanvert í henni eru Fornukvíar [013],“ segir í örnefnalýsingu. Um 170 m VSV af bæ 001 og um 40 m suðaustan við kvíatóft 013 er laut á milli Réttargils 012 og dalverpis sem gengur úr Réttargili. Staðurinn var fyrst skráður árið 2007 en var heimsóttur aftur 2025. Engu er við fyrri lýsingu að bæta.

Lautin er mosavaxin. Sunnan við hana er hálfgróinn melur en slétt tún í aðrar áttir.

Inga Ása Hafstein og Pétur Kr. Hafstein könnuðust ekki við örnefnið Lambhúslaut en þessi laut kemur ágætlega heim og saman við lýsingu örnefnaskrárinnar. Engar fornleifar eru greinilegar í lautinni.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:026 áletrun 445701 367475

„Heima á hlaði er stór hestasteinn með höggnum stöfum, B.B. 1783,“ segir í örnefnalýsingu. Talsvert hefur verið raskað við hlaðinu. Nú stendur íbúðarhús (byggt 1946 og 1969) um 5 m sunnan við bæjarhólinn 001 þar sem bæjarhlaðið var, samkvæmt túnakorti frá 1917. Staðurinn var fyrst skráður árið 2007 en var heimsóttur aftur 2025. Engu er við fyrri lýsingu að bæta.

Heimreið liggur að húsinu úr vestri, að norðan er bæjarhóllinn og að sunnan eru tún.

Steinninn er nú týndur og fannst ekki við vettvangsskoðun.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:028 tóft mylla 445908 367282

Rúmum 280 m suðaustan við bæ 001 og um 150 m suðaustan við hellisskúta 022, fast norðan við Stokkalæk, er myllutóft. Tóftin var fyrst skráð árið 2007 og aftur heimsótt 2025. Engu er við fyrri lýsingu að bæta.

Tóftin er á grasi og mosavöxnum bakka lækjarins. Til norðurs er brattur uppblásinn bakki upp að heimatúni bæjarins.

Tóftin er um 6 x 4 m stór, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld, opin til suðvesturs. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,9 m og vel sést í grjóthleðslur í norðurvegg hennar. Fast



Myllutóft 028, horft til norðausturs á ljósmynd.

sunnan og suðvestan við tóftina er rás þangað sem læknum hefur eflaust verið veitt þegar myllan var í notkun.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:029 heimild um kálgarð 445696 367468

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast sunnan við bæ 001. Hann hefur líklega verið þar sem íbúðarhúsið stendur nú eða rétt sunnan við það. Staðurinn var fyrst skráður árið 2007 en var heimsóttur aftur 2025. Engu er við fyrri lýsingu að bæta.

Hellulagt er sunnan við húsið og sunnar er grasflöt.

Engin ummerki garðsins sjást.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-281:031 vegur traðir 445634 367477

Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir að bæ 001 úr vestri. Þær sjást í túni, um 45 m vestur af bæ 001. Traðirnar voru fyrst skráðar árið 2007 en voru heimsóttar aftur 2025 og var skráning þá endurskoðuð. Í skráningunni sem var gerð 2007 var vegur 056 skráður með tröðunum.

Þar sem traðirnar liggja er sléttað tún, í órækt. Lág er niður af gamla heimatúninu til vesturs.

Að mestu hefur verið sléttað úr tröðunum en þó markar óljóst fyrir þeim í túninu. Þær sjást

sem 10-15 cm djúp dæld sem breikkar til vesturs og eru traðirnar um 2,5 m breiðar austast en 4 m breiðar vestast. Alls sjást merki um traðirnar á um 53 m löngum kafla, frá núverandi heimreið að bæ og langleiðina að mörkum gamla heimatúnsins.


Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917



Traðir 031, horft til austurs.



Minjar vestan bæjar á loftmynd frá 1960. Loftmynd úr safni Náttúrufræðistofnunar (áður LMÍ)

RA-281:032 garðlag vörslugarður

445577 367492

Um 110 m VSV við bæ 001 liggur garðlag til NV. Vesturendi þess er um 40 m austan við fjárhústóft 011. Garðlagið var fyrst skráð árið 2007 en var heimsótt aftur 2025 og var lýsing þá endurskoðuð.

Garðlagið liggur þvert á grasivaxna kvos.

Garðlagið er alls um 50 m langt og liggur norðvestur-suðaustur. Það er um 1,1 m hátt að sunnan en einungis um 0,2 m hátt að norðan. Það er 1,2-3 m breitt, breiðast suðaustast, hlaðið úr torfi. Garðlagið er rofið á tveimur stöðum, annars vegar af 3 m breiðum grónum vegslóða um 3,5 m frá norðvesturenda, en hins vegar á tæplega meters kafla um 8 m suðaustar. Líklegt er að garðlagið hafi verið hlaðið sem vörslugarður og svo jafnvel notað sem göngugarður



Garðlag 032, horft til vesturs.

frá bæ og að fjárhúsum 011, yfir kvosina. Þegar staðurinn var heimsóttur 2025 var búið að leggja jarðstreng um 2 m sunnan við suðausturenda garðlagsins. Á loftmynd í safni Náttúrufræðistofnunar (áður LMÍ) frá 1960 sést að garðlagið hefur verið samtengt tröðum 031 og jafnframt náð um 30 m lengra til norðvesturs, að norðausturhorni fjárhústóftar 011, en þeim hluta hefur verið raskað fyrir 1979 af öðrum myndum að dæma.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Loftmyndasafn LMÍ; Loftmyndasjá LMÍ

RA-281:033 þúst útihús

445278 367374

Austan við Borgargil 010 og vestan við heimatún Stokkalækjar er flatur túnvöllur sem hallar lítið eitt til suðurs. Austarlega á þessu túni er þúst sem mun vera sléttuð tóft af útihúsi. Þústin er um 430 m vestan við bæjarhól 001, rúma 80 m sunnan við tóft 009_01 og rúma 20 m suðvestan við sléttaða tóft 034.

Túnið sem þústin er í hefur verið sléttað. Það er afmakað af giljum til allra átta nema til norðurs.

Þústin sem er nokkuð óregluleg er um 16 x 15 m að stærð og snýr í norðvestur og suðaustur.

Upphleðsla hennar er allt að 1 m. Ekki er hægt að greina veggj né hólfið og þá er hún á kafi í grasi. Ætla má að þústin hefi gengt hlutverki útihúss.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda



Þúst 033, horft til suðvesturs.

RA-281:034 þúst útihús

445310 367398

Austan við Borgargil 010 og vestan við heimatún Stokkalækjar er flatur túnvöllur sem hallar lítið eitt til suðurs. Austarlega á þessu túni er þúst sem mun vera sléttuð tóft af útihúsi. Þústin er um 400 m vestan við bæjarhól 001, rúma 60 m sunnan við tóft 009_01 og rúma 20 m norðaustan við sléttaða tóft 033.



Þúst 034, horft til suðurs.

Túnið sem þústin er í hefur verið sléttað. Það er afmakað af giljum til allra átta nema til norðurs.

Þústin sem er nokkuð óregluleg er um 18x13m að stærð og snýr í norður og suður. Upphleðsla hennar er allt að 1 m og er syðrihluti hennar hærri en sá nyrðri. Ekki er hægt að greina veggj né hólfið og þá er hún á kafi í grasi. Tóftin er vel greinileg á gamalli loftmynd frá 1976 í safni Náttúrufræðistofnunar (áður LMÍ). Af henni að dæma hefur tóftin verið af fjárhúsum sem voru 22 x 18,6 m að stærð. Langhliðar hafa verið þykkar og stæðilegar eða allt að 3 m á þykkt. Fjárhúsin hafa snúið norð-norðvestur og suð-suðaustur og sennilega hefur verið op á henni á suð-suðaustur gaffli.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Loftmyndasafn LMÍ

RA-281:036 varða óþekkt

445188 368213

Uppi á hólrananum norðvestur af Skyggni er varða. Hún er um 200 m norðvestur við vörðuna á Skyggni 014 og um 900 m NNV við bæ 001. Varðan var fyrst skráð árið 2007 en var heimsótt aftur árið 2025 og lýsing þá endurskoðuð.

Varðan er á berum mel uppi á hól.

Varðan er illa hlaðin, eflaust ekki gömul enda ekki minnst á hana í örnefnalýsingu jarðarinnar. Hún er um 2 x 2 m stór.

Inga Ásta og Pétur Hafstein sögðu að fyrrverandi ábúandi hafi nefnt hólinn Álfhól en engar sögur fara af álfabyggð í honum. Þegar varðan var athuguð vorið 2025 hafði ástand hennar lítið breyst frá því að hún var skráð 2007 en nokkrir steinar virðast þó hafa hrunið úr henni. Hæð vörðunnar er 1,3 m.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda



Varða 036, horft til austurs.

RA-281:037_01 garðlag túngarður

445630 367553

Túngarður 01 er merktur meðfram norður- og vestuhlið túns á túnakort frá 1917. Leifar túngarðsins sjást norðan og norðvestan við bæ 001. Austurendi garðlagsins er um 100 m norðan við bæ 001 og þaðan liggur það til SV. Suðvesturendi þess er um 110 m norðvestan við bæ 001. Garðlagið var fyrst skráð árið 2007 en var heimsótt aftur 2025 og var lýsing þá endurskoðuð. Gerði 02 liggur út frá túngarðinum í norðvesturhorni gamla heimatúnsins.



Túngarður 037_01, horft til austurs.

Sunnan við garðlagið er sléttað tún en norðan við það er gilskorningur, gróinn í botninn.

Sléttað hefur verið út stærstum hluta túngarðsins, miðað við hvernig hann er teiknaður

á túnakorti. Sá hluti sem eftir standur er alls um 88 m á lengd og 0,7-1 m á breidd. Garðurinn liggur í sveig suðvestur-norðaustur en fjarar út í báða enda. Ytri hlið garðsins (þ.e. norðvesturhlið) er mest um 1,5 m há en innri hlið (suðausturhlið) er lægri. Hún er hæst um 70 cm en er aðeins um 10-30 cm á suðvestasta hluta garðsins.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar


Hættumat (vegna tilefnis): mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-281:037_02 gerði óþekkt

445637 367546

Um 19 m frá norðausturenda túngarðs 01 er garðlagsstúfur sem liggur til SSA frá túngarðinum. Á loftmynd frá 1960 í safni Náttúrufræðistofnunar (áður LMÍ) sést gerði fast upp við túngarðinn á þessum stað. Alls hefur gerðið verið um 30 x 23 m að stærð og snúið ANA-VSV. Af loftmyndum að dæma virðist gerðið mögulega hafa verið stækkað til VSV milli 1960 og 1976 en að mestu hefur verið sléttað úr því milli 1984 og 1989. Garðlagsbúturinn sem eftir er hefur myndað nyrsta hluta ANA-hliðar gerðisins. Hann er grasi gróinn, um 3,5 m á lengd, 1 m á breidd og 70-100 cm á hæð. Ekki sáust skýrt önnur ummerki um gerðið á vettvangi en á nýlegum loftmyndum Loftmynda ehf (2024 og fyrr) sést þó marka fyrir áframhaldi ANA-hliðar og fyrir SSA-hlið. Hlutverk gerðisins er óþekkt en mögulega er um aðhald eða kálgarð að ræða.



Gerði 037_02, horft til ANA á ljósmynd.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Loftmyndasafn LMÍ; Loftmyndasjá LMÍ; Loftmyndir ehf

RA-281:039 varða óþekkt

445813 367569

Varða er á hæð um 130 m norðaustan við bæ 001 og 70 m ANA við tóft 059.

Varðan er á grónum hól en umhverfis er mikið rof og hálfgróin melur.

Vörðubrotið er óljóst en samanstendur af tveimur grónum steinum. Við fyrstu sýn virðist varðan vera náttúruleg þúfa en við nánari athugun sést að steinarnir eru hlaðnir og þar sem engir stærri steinar eru í kring er líklegt að þeir séu aðfluttir. Varðan er um 0,5 x 0,5 m í þvermál og um 0,3 m á hæð.



Varða 039, horft til norðvesturs.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:040_01 varða óþekkt

445853 367961

Þrjár vörður eru í röð norðaustur-suðvestur, um 500-600 m NNA af bæ 001, nærri klettabrún ofan við lækinn Stokkalæk. Um 95 m eru á milli varða 01 og 02 en aðeins 10 m eru á milli varða 02 og 03. Garðlag 041 er um 10 m vestan við vörðu 02.

Umhverfis er uppblásinn melur, möl og sandur. Til austurs af vörðunum er brattur bakki niður að Stokkarlæk.



Varða 040_01, horft til suðurs.

Vörðubrotið 01 er suðvestast. Það er 0,6 x 0,5 að stærð og 0,4 m á hæð. Varðan er hlaðinn einu stóru grjóti og fleiri smá steinum í kring. Varðan virðist hafa verið nýlega endurhlaðin en lítill sem engin gróður er á vörðunni fyrir utan botngróður. Botn vörðunar er gróinn og nokkrir steinar eru algrónir fléttum sem

vísar í eldri aldur. Varðan er óreglulega hlaðinn en telja má um 3 umför af grjóti. Óljóst er í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:040_02 varða óþekkt

445910 368036

Varða 02 er um 95 m norðaustur af vörðu 01. Hún er hlaðin úr smásteinum sem mynda kringlóttu hrúgu. Varðan er 0,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Botn vörðunar er lítillega gróin en að öllum líkindum er varðan nýlega endurhlaðinn enda hefur verið lítil gróðurframvinda. Óljóst er í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.



Varða 040_02, horft til suðvesturs.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:040_03 varða óþekkt

445918 368041

Varða 03 er um 10 m norðaustur af vörðu 02, yst á rana klettabrúnar. Hún er svipuð vörðu 02, hlaðin úr smásteinum sem mynda kringlóttu hrúgu. Varðan er 0,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Botn vörðunar er lítillega gróinn en að öllum líkindum er varðan nýlega endurhlaðinn enda hefur verið lítil gróðurframvinda. Óljóst er í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.



Varða 040_03, horft til suðvesturs með vörðu 040_02 í bakgrunni.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:041 garðlag óþekkt

445898 368035

Garðlag er tæpum 550 m NNA af bæ 001 og um 150 m norðaustur af garðlagi 043. Varða 040_02 er um 10 m austan við nyrðri enda garðlagsins.

Umhverfis er sandur og möl, uppblásinn og grýttur melur.

Garðlagið er 40 m að lengd, um 0,5 m á breidd og snýr norðaustur - suðvestur.

Garðlagið er uppblásið og rofið á köflum og sést í raun víðast fremur grjótdreif, frekar en eiginleg hleðsla.

Hæst er garðlagið um 30 cm. Hlutverk þess er óþekkt.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda



Garðlag 041, horft til SSV.

RA-281:042 varða óþekkt

445735 368100

Varða er á hæð 40 m vestur af Gamlavaði 020, tæpum 400 m austur af vörðu 014 og um 500 m NNA af bæ 001.

Umhverfis er grýttur melur og austan við vörðuna er brattur bakki niður að Stokkalæk. Fast vestan við vörðuna er lítill gróinn blettur og lyng.

Vörðubrotið er um 0,6 x 0,6 m að stærð og 0,3 m á hæð. Umfang steina er óljóst en frekar er um steinahrúgu en hlaðna vörðu að ræða. Sex óljósar hleðslur liggja frá vörðunni um 4-5 m í allar áttir, víðast innan við 10 cm á hæð. Ekki er vitað hvernig hleðslunar tengjast vörðunni.



Varða 042, horft til NNA.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:043_01 garðlag óþekkt

445757 367915

Garðlag er 350 m norður af bæ 001, um 100 m suðvestur af vörðu 040_01 og rúmum 180m NNA af vörðu 042.

Umhverfis er að mestu gras og mosavaxið landslag og smápýfi en rofabarð er skammt frá til bæði norðurs og vesturs.

Garðlagið snýr SSV-NNA og er 85 m að lengd og um 0,7 m á breidd. Garðlagið er sigið og er um 0,2 m á hæð. Rof er áberandi á báðum endum garðlagsins og upphaf og endir því óljós. Hlutverk garðlagsins er óþekkt.



Garðlag 043_01, horft til SSV.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:043_02 gryfja óþekkt

445751 367871

Gryfja er 390 m norður af bæ 001, staðsett rétt við miðja austurhlið garðlags 043_01.

Umhverfis er gras og mosavaxið landslag og smápýfi.

Gryfjan er 3 x 1,5 m að stærð að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er um 0,3 m á dýpt. Ekkert grjót er sjáanlegt í gryfjunni en hún er öll grasi vaxin. Hlutverk gryfjunar er óljóst en líklega hefur hún tengst garðlaginu.



Gryfja 043_02, horft til austurs.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:044 varða óþekkt

445630 367850

Varða er um 380 m NNA af bæ, 110 m vestur af garðlagi 043 og 90 m suður af garðlagi 045.

Varðan er á berum mel uppi á hól.

Vörðubrotið er í raun hrúga fremur en hleðsla og samanstendur af 7 stærri steinum og fleiri smásteinum. Það er 0,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Í kringum vörðuna eru steinar á dreif sem hafa hrunið úr hrúgunni.



Varða 044, horft til norðausturs.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:045 garðlag óþekkt

445619 367947

Garðlag er um 470 m NNV af bæ 001, 310 m ASA af vörðu 014 og 90 m norður af vörðubroti 044.

Garðlagið liggur í hlíð og nær ASA-hluti garðlagsins upp á hæðina en hinn endinn liggur niður á við. Umhverfis er gras og mosavaxið svæði.

Garðlagið liggur VNV-ASA. Það er um 40 m að lengd og um 1,5 m á breidd.

Garðlagið er vel gróið og sigið, mest um 0,1 m á hæð. Upphaf garðlagsins í ASA-



Garðlag 05, horft til austur.

hluta er óljóst og virðist fjara út í gróðurinn á hæðinni en við VNV-hluta hverfur garðlagið í gróinn bakka.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:046 varða óþekkt

445413 368055

Varða er á hæð um 640 m norðvestur af bæ 001 og 80 m austur af vörðu 014. Varðan er á berum uppblásnum mel. Norður og austan við vörðuna eru stórir móbergshnullungar.

Vörðubrotið er kringlótt að grunnfleti, um 1,5 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Það samanstendur af einum stórum steini um 0,3 x 0,3 að stærð og ofan á honum er hlaðinn steinn, 0,2 x 0,2 að stærð. Í kringum stærstu steinana er hrúgað fleiri smærri steinum. Steinhruðan sem varðan er sést vel úr fjarska en hlutverk vörðunnar er óþekkt.



Varða 046, horft til norðvesturs.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:047 gryfja óþekkt

444940 368033

Ferköntuð gryfja er tæpum 950 m norðvestur af bæ 001, rúmum 310 m suðvestur af vörðu 036 og 390 m vestur af vörðu 014. Gróinn bíslóði liggur austur-vestur um 10 m norðan við gryfjuna.

Gryfjan er staðsett í grónum og smápýfðum lyngmóa. Rétt norðaustur við hana er brattur rofbakki sem teygir sig frá norðvestri í suðaustur.




Gryfja 047, horft til NNA.

Niðurgröfturinn er ferkantaður, 2 x 2

m að stærð og um 0,2 m á dýpt. Ekki sést móta fyrir hleðslum í gryfjunni en hún sker sig nokkuð úr umhverfi hvað gróður varðar þar sem hún er mun lynggrónari en umhverfið. Gryfjan er mjög regluleg í laginu og því má álýkta að hún sé af manna völdum.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda



Minjastaður 048 og nærliggjandi fornleifar. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

RA-281:048_01 garðlag óþekkt

444913 367672

Tvö garðlög eru um 740-1280 m ANA af bæ 001. og rúmum 130 m frá garðlagi 050. Þau ná yfir svæði sem er alls um 585 x 105 m að stærð og snýr ANA-VSV. Garðlag 050 er um 130 m frá eystri enda svæðisins. Þjóðleið 051 liggur samhliða garðlagi 01.

Svæðið er þýft og vel gróið grasi, mosa og lyngi. Borgargil liggur milli garðlags 048_02 og garðlags 051 en í því er lítill sem engin gróður, sandur og möl.



Garðlag 048_01, horft til norðausturs.

Einnig er rofbakki við VNV hluta garðlags 02. Búið er að herfa stórann hluta þess svæðis sem garðlag 01 nær yfir og hefur það verið gert milli 2018 og 2022 af loftmyndum í safni Loftmynda ehf að dæma.

Garðlag 01 er vestar en garðlag 02. Það liggur að mestu VSV-ANA og er um 700 m að lengd

en um 300 m frá eystri enda liggur garður út frá því til suðurs, um 105 m á lengd. Á vettvangi var þó einungis athugaður austustu 80 m garðlagsins. Þar er garðlagið um 3-4 m að breidd og 0,4 m á hæð. ANA-endi garðlagsins er um 25 m vestan við garðlag 02 en mögulega hefur það haldið áfram og samtengst garðlagi 02. Garðlagið er sigið og grasi gróið og sést hvergi í grjóti. Vestan þess svæðis sem athugað var á vettvangi 2025 er búið að herfa land. Af loftmyndum að dæma virðist að hluta hafa verið farið meðfram garðlaginu, en á vestustu 390 m hefur verið herft yfir garðlagið

Hættumat (almennt): hætta, vegna rasks

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:048_02 garðlag óþekkt

444941 367677

Garðlag 02 er um 25 m austur af garðlagi 01. Það snýr norðvestur-suðaustur og er um 50 m að lengd, um 4 m að breidd og 0,4 m á hæð. Mögulega hefur það tengst garðlagi 01. Suðausturhluti garðlagsins endar fast við Borgargil. Ekki sjást steinhleðslur í garðlaginu en það er sigið og vel gróið



Garðlag 048_02, horft til norðurs.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:049 þúst útihús

445295 367430

Austan við Borgargil 010 og vestan við heimatún Stokkalækjar er flatur túnvöllur sem hallar lítið eitt til suðurs. Austarlega á þessu túni er þúst af sléttaðri tóft sem mun hafa þjónað sem útihús. Þústin er um 400 m vestan við bæjarhól 001, rúma 30m sunnan við tóft 009_01 og tæpa 20m norðan við sléttaða tóft 034.



Þúst 049, horft til norðurs.

Túnið sem þústin er í hefur verið sléttað. Það er afmakað af giljum til allra átta nema til norðurs.

Þústin er um 17 x 11 m að stærð og snýr í vestur og austur. Upphleðsla hennar er 1-1,2 m. Vestarlega í þústinni má greina óljósa dæld sem er 4 x 4 m að innanmáli og 20-30 cm á dýpt. Hún á kafi í grasi og er ekki hægt að greina neitt grjót í henni.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:050 garðlag vörslugarður

445035 367579

Nyrst á austurbakka Borgargils 010 og nærri upphafi þess er vörslugarður. Hann er um 660 m vestan við bæjarhól 001, um 430 m norðan við vörslugarð 054 og um rúma 250 m vestan við fjárhústóft 009_01.



Garðlag 050, horft til suðvesturs.

Garðlagið er á mörkum grösugs flatlendis sem er austan við það og Borgargils sem er vestan við það. Borgargil er lítt gróið, með brattar og sendnar hliðar.

Garðlagið er í heild um 162 m að lengd.

Nyrst liggur það frá norðaustri til suðvesturs þar til það kemur að bakka Borgargils. Þar beygir það til suðurs og fylgir gilbrúninni. Garðlagið er í tveimur hlutum því um miðbik þess er það rofið á um 14 m löngum kafla. Nyrðri hluti þess er um 68 m á lengd en sá syðri 78 m á lengd.

Nýrst er garðlagið trapisulaga og er allt að 4 m breitt neðst þar sem það er hvað skýrast og 120-150 cm á hæð. Syðri hluti þess er nokkuð signari og nær því að vera 80-100 cm á hæð.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rofs

Hættumat (vegna tilefnis): mikil hætta, vegna vegagerðar

RA-281:051_01 gata leið

445227 367643

Á herforingaráðskorti má sjá merkt fyrir leið sem lá frá bænum á Stokkalæk 001 til vesturs að Arnarnefi. Á Arnarnefi er tóftaþyrping 038. Skammt austur af Arnarnefi klofnar önnur leið frá þeirri sem hér er skráð og liggur hún til austurs og tengist alfaraleið RA-661:038 sem liggur niður með Eystri-Rangá og hefur sú leið verið vörðuð samkvæmt herforingaráðskorti. Um 400m vest-norðvestan við bæjarhól 001 má glöggst sjá móta fyrir götum sem tilheyra þessari leið. Samkvæmt dönsku landmælingakortunum sem komu út 1921-34 var leiðin seinna rudd fyrir vagna og er vagnvegurinn skráður er hér undir 02.



Leið 051_01, horft til vesturs.

Göturnar liggja um grösugt mólendi sem hallar til suðurs en jarðvegshulan er rofin við báða enda leiðarinnar þar sem hún var skráð. Göturnar lágu samhliða garðlagi 048_01 en búið er að herfa stóran hluta þess svæðis sem garðlagið liggur um.

Göturnar voru raktar á um 180 m löngum kafla sem lá vest-norðvestur og aust-suðaustur. Austarlega á þeim hluta leiðarinnar sem var skoðaður voru göturnar að lágmarki 20-22 talsins og dreifðust á um 30 m breitt belt. Eftir því sem vestar og ofar dró þrengdist flatlendið sem göturnar lágu um og þar urðu götunar færri og dýpri. Almennt voru allar grónar í botninn, 10-20 cm á breidd og 10-20 cm á dýpt. Göturnar sjást einnig meðfram austasta hluta garðlags 048_01 en hverfa þar sem búið er að herfa land.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rasks

Hættumat (vegna tilefnis): mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Herforingaráðskort 48NA

RA-281:051_02 vegur leið

445310 367627

Á dönsku landmælingakortunum sem komu út 1921-34 má sjá að þar sem reiðleiðin lá áður er kominn vagnvegur. Vagnvegurinn, sem líklega hefur verið ruddur, lá frá Stokkalæk til vesturs, framhjá Arnarnefi, og sameinast þar alfarleið RA-661:038 sem liggur meðfram Eystri-Rangá. Ekki var hægt með góðu móti að sjá örugg ummerki eftir ruddan veg innan þess svæðis sem var skráð en þó mátti sjá óljós ummerki um hann um 410 m vest-norðvestan við bæjarhól 001 og um 25 m vestan við garðlag 061. Þar má sjá óljós ummerki eftir kant á um 30 m löngum kafla. Þar þrengir landið þrengir að götunni sem er um 3,5-4 m á breidd.

Hættumat (almennt): hætta, vegna rasks

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Uppdráttur Íslands 48

RA-281:052 garðlag vörslugarður

445623 367279

Stutt garðlag er neðan og suðvestan við gamla heimatúnið á Stokkalæk og liggur suðurendi þess niður að nyrðri bakka Stokkalækjar. Garðlagið er 200m suð-suðvestan við bæjarhól 001 og um 138 m suðaustan við Fornukvía 013. Það er suðvestan við gamla heimatúnið og liggur til suðurs niður að Stokkalæk.

Garðlagið er í grasi- og mosagróinni brekku sem liggur til suðurs. Gróðurhulan er frekar þunn og er rof beggja vegna garðsins.

Garðlagið er 39 m langt og liggur norð-norðvestur og suð-suðaustur. Það er 100-120 cm á breidd og 50-70 cm á hæð. Ekkert grjótt sést í garðlaginu sem er uppmjótt og allt hlaupið í þúfur. Vesturhlið þess er hærri en sú eystri.. Ekki er ljóst hvort það hefur þjónað sem vörslugarður eða verið hlaðið undir girðingu þó það síðarnefnda sé líklegra. Ekki er öruggt að hann teljist til fornleifa en fær hér að njóta vafans.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda



Garðlag 052, horft til suðurs.

RA-281:053 varða óþekkt

445464 367110

Varða er á blásnum melhól um 40 m norðan og ofan við Stokkalæk. Hún er 440 m suðvestan við bæjarhól 001, um 400 m suðaustan við fjárhústóft 009_01.

Varðan er á sendnum hól í landi með mjög þunna gróðurhulu og eru holtin umhverfis sköllótt. Sunnan við vörðuna hallar landið nokkuð ört niður að Stokkalæk.

Varðan er 1,5 x 1,5 m að stærð og 70 cm á hæð. Hleðslur eru svo til alveg fallnar en hægt er að greina um 2 umför af hleðslugrjóti. Það er stórt grjót í henni neðst en smærra efst. Hún gæti upphaflega hafa verið ferhyrnd en hefur aflagast og er algróin. Varðan er byggð á sandhóli og er í brekku sem hallar til suðurs. Ekki er hægt að fullyrða neitt um hlutverk hennar en mögulega gæti hún hafa verið hluti af leið.



Varða 053, horft til suðurs.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:054 garðlag vörslugarður

445148 367099

Sunnan við Borgargil 010 rennur Stokkalækur meðfram grösugu og flatlendu nesi. Nes þetta er á milli Fremstabala og Litla-Tunguness sem eru sunnan Stokkalækjar í landi Keldna. Innst á nesinu er garðlag sem þverar nesið og afmarkar landið til norðurs, til móts við Stokkalæk. Garðlagið er 635 m suðvestan við bæjarhól 001, 240 m vestsan við vörðu 053 og 380 m sunnan við fjárhústóft 009_01.



Garðlag 054, horft til norðvesturs.

Garðlagið er á mörkum grösugs túns og lágra holta. Holtin sem eru norðan við garðlagið hafa þunna gróðurhulu og sköllótt en sunnan við garðlagið graslendi.

Garðlagið er samtals um 162 m að lengd og liggur austur og vestur. Í því er rof á fjórum stöðum og er næst. Það hefur rofnað í fjóra hluta og er sá austasti um 32 m að lengd, næsti hluti vestan við hann er um 98 m að lengd, næst vestasti hlutinn er um 17 m að lengd og sá vestasti um 5 m að lengd. Annað rofið að vestan verðu er tilkomið vegna lagningar á girðingu sem liggur þvert á garðlagið. Garðlagið er 90-100 cm að breidd. Norðurhlið þess snýr upp í brekku og er um 30cm á hæð en syðri hliðin sem snýr undan brekkunni er um 70 cm á hæð. Garðlagið er allt gróið grasi og sést ekkert hleðslugrjót í því. Það er mjög rúnnað og sigið og orðið nokkuð smáþýft. Garðlagið er að öllum líkindum vörslugarður og hefur annað hvort átt að verja túnið sunnan við það eða að graslendið hafi verið nýtt sem beitarhólf og þá byggt til að halda skepnum innan þess.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:055 gata leið

445361 367215

Stök gata liggur frá heimatúni til suðvesturs að garðlagi 054 sem afmarkar tún eða beitarhólf sem er við bakka Stokkalækjar. Gatan var rakin á um 110 m löngum kafla og er mögulegt að um heybandsveg sé að ræða.

Gatan liggur um mólendi sunnan undir rofabarði. Sunnan og neðan við götuna hallar land til suðurs niður að Stokkalæk.



Leið 055, horft til ANA.

Gatan er stök og mjög skýr. Hún er 30-60 cm á breidd, 30-50 cm á dýpt og gróin í botninn. Á vettvangi var hún rakin á um 110 m löngum kafla en einnig sást hún vel á loftmynd og var hluti hennar skráður af loftmynd.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): mikil hætta, vegna byggingar

RA-281:056 vegur leið

445476 367780

Ruddur vegur liggur til NNV frá bæ 001. Hann sést fyrst skýrt um 160 m norðvestur af bæ 001 og liggur þar austan við núverandi veg að bænum en um 400 m NNV af bæ þverari núverandi heimreið gamla veginn og liggur áframhald vegarins suðvestan heimreiðarinnar. Vegurinn var

skráður sem hluti traða 031 árið 2007 en var gefið sér númer við endurskoðun eldri skráningar árið 2025. Vegurinn er forveri núverandi heimreiðar og liggur að mestu í svipaðri stefnu.

Vegurinn liggur um grasi- og mosavaxna hlíð Skyggis.

Veginn má rekja á alls um 520 m lagri leið sem liggur NNV-SSA en í báða enda hverfur hann í gróðurlausan mel. Þar sem núverandi heimreið liggur yfir gamla veginn hverfur hann á um 84 m löngum kafla. Þar sem vegurinn liggur austan heimreiðar, nær bæ, er hann að mestu grasi gróinn, víðast um 2 m breiður, en mest um 4 m á breidd við SSA-enda. Dýpstur er vegurinn um 1 m en grynntur um 20 cm. Þar sem vegurinn liggur vestan núverandi heimreiðar er gróður rýrari, vegurinn lynggrónari og almennt um 20-30 cm djúpur.

Vegurinn er ekki merktur á Herforingjaráðskort frá 1908 eða Uppdrátt Íslands sem mældur var 1930 og er mögulegt að hann teljist því ekki til fornleifa í lagalegum skilningi. Á loftmyndum í safni Náttúrufræðistofnunar (áður LMÍ) sést að vegurinn var í notkun árið 1960, en núverandi vegur var lagður fyrir 1976.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Loftmyndasafn LMÍ; Loftmyndasjá LMÍ



Vegur 056, horft til suðausturs.



Vegur 056, horft til norðvesturs.

RA-281:057 þúst óþekkt

445850 367391

Þúst er í túninu um 170 m ASA af bæ 001. Túnið er sléttað en í órækt. Brött brekka er niður af túninu til suðurs og austurs. Rafmagnskassi er um 7 m suðvestan við tóftina.

Þústin er aflöng, um 18 x 7 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er um 30-45 m á hæð, lægst í miðju en hækkar til beggja enda. Grunn lág, um 10-15 cm djúp, er fast sunnan við þústina, milli hennar og rafmagnskassans. Hlutverk þústarinnar er óþekkt en mögulegt er að útihús hafi staðið á þessum stað.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda



Þúst 057, horft til norðvesturs.

RA-281:058 garðlag vörslugarður

445573 367435

Garðlag liggur ofan í gil um 140 m ASA af bæ 001.

Gilið er fast vestan við gamla heimatúnið og liggur norður-suður. Það er grasi gróið, um 4-6 m djúpt. Sléttuð tún í órækt eru beggja vegna gilsins og nær það vestara yfir tungu milli tveggja gilja. Garðlagið er um 12,5 m á lengd og liggur austur-vestur. Það er um 30 cm á breidd og 20 cm á hæð, gróið grasi og mosa. Það sést efst við vesturbarm gilsins og liggur niður í mitt gilið. Líklega er um vörslugarð að ræða og er



Garðlag 058, horft til norðausturs.

ekki ólíklegt að hann hafi náð lengra til vesturs, mögulega yfir tunguna, en verið sléttaður í tún. Ekki er þó hægt að segja til um það með vissu þar sem þegar var búið að slétta túnið

Þegar elstu aðgengilegu loftmyndir í safni Náttúrufræðistofnunar (áður LMÍ) voru teknar árið 1960.

Hættumat (almennt): hætta, vegna ábúðar

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Loftmyndasafn LMÍ


RA-281:059 tóft óþekkt

445745 367555

Möguleg tóft er í brekku ofan bæjar, um 80 m NNV af bæ 001.

Tóftin er í mólendi, rétt ofan (norðan) við gamla heimatúnið. Túnið er sléttað, en í órækt. Rýrari gróður er eftir því sem norðar dregur og tekur melur við af mólendinu.

Tóftin er óskýr en er u.þ.b. hringlaga, um 1,7 m í þvermál. Engin inngangur er greinilegur og er innanmál aðeins greinilegt í suðausturhluta, um 60 x 40 cm að stærð. Tóftin er um 15 cm á hæð, mosagróin og sker sig ekki úr umhverfi hvað gróður varðar. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt, og er ekki hafið yfir allan vafa að um mannvirki sé að ræða.



Tóft 059 horft til NNV á ljósmynd.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:060 varða óþekkt

445603 367676

Varða eða vörðubrot er efst á hól um 215 m norðvestur af bæ 001. Vegur 056 liggur um 85 m vestar.

Hóllinn er að mestu gróðurlítill og er melur á honum efst og austantil, en grasi grónara til vesturs.

Varðan er um 70 cm í þvermál og 30 cm á hæð. Hún er gróin í botn og er grjótið í vörðunni mosa og skófum vaxið. Nokkrir stórir steinar eru í botni vörðunnar, um 30-40 cm í þvermál, en minna grjóti hefur meira verið hrúgað en hlaðið ofan á. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.



Varða 060, horft til SSA.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda

RA-281:061 garðlag vörslugarður

445362 367651

Garðlag liggur yfir Réttargil um 370 m VNV af bæ 001, um 100 m vestan við núverandi heimreið. Leið 051 liggur um 25 m suðvestan við garðlagið. Gilið er hálfgróið, um 4-5 m djúpt með móbergsklettum á stöku stað og liggur u.þ.b. norður-suður. Smáþýft graslendi er beggja vegna gilsins. Grunn, grasi gróin laut er fast austan gilsins og liggur garðlagið um hana.

Garðlagið nær frá eystri brún lautarinnar um 52 m til VSV og fjarar út um 7 m vestan við vestari gilbarmsins. Það er þó rofið á tveimur stöðum, á um 6,5 m kafla austan við eystri gilbarminn og á um 16 m kafla í brattri vesturhlið gilsins. Garðlagið er grasi gróið, um 30 cm á breidd og 10-30 cm á hæð. Það hefur líklega verið hlaðið undir girðingu,



Garðlag 061, horft til ANA.

en á gömlum loftmyndum í safni Náttúrufræðistofnunar (áður LMÍ) frá 1989 og fyrr sést um 200 m löng girðing liggja á þessum slóðum frá því um 20 austan við núverandi heimreið

og til ASA, u.þ.b. að leið 051. Því er mögulegt að garðlagið teljist ekki fornleifa í lagalegum skilningi, en þó má einnig vera að girðing hafi verið á þessum stað í yfir 100 ár.

Hættumat (almennt): engin hætta

Hættumat (vegna tilefnis): hætta, vegna framkvæmda



V. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Jörðin Stokkalækur er fyrst nefnd í máldaga Oddakirkju frá 1397, þar nefnd Statalækur,² en lækurinn sem bærinn er nefndur eftir kemur fyrir í Njálssögu þar sem sagt er að Kolur Óttarsson hafi numið land „meðal Stotalækjar ok Reyðarvatns„.³ Jörðin var orðin eign Keldnakirkju fyrir 1518, og var eign kirkjunnar fram á 20. öld.⁴ Meðan Keldnaþing var sérstakt prestakall sátu Keldnaprestar gjarnan á Stokkalæk.⁵

Lækurinn Stokkalækur á upptök sín við Kirkjuhól, norðvestan Keldna, og hlykkjast þaðan til suðurs en breytir síðan stefnu um 500 m norðan við Eystri-Rangá og rennur þaðan til austurs þar til hann sameinast loks ánni. Gamla bæjarstæði og heimatún Stokkalækjar er í króknum þar sem lækurinn breytir stefnu, en Stokkalækurinn er töluvert niðurgrafinn og er brött brekka niður af túninu. Jörðin var metin 20 hdr að dýrleika að fornu mati og taldist því meðaljörð.⁶ Hún þótti þó erfið til búskapar og þurfti á 19. öld að sækja allan útheyskap til annarra jarða.⁷ Um helmingur skipulagssvæðisins er ógróinn, en uppblástur hefur lengi verið vandamál á jörðinni. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 er blástur og sandur sagður spilla bæði túni og beitarlandi, segir þar einnig að á síðustu 20 árum hafi um fjórðungur túns eyðst af þeim sökum, auk þess sem skriður grandir því í leysingum.⁸ Vestan túns er Réttargil en handan þess, milli Réttargils og Borgargils hafa verið ræktuð upp tún, fast sunnan við beitarhús sem þar stóðu og merkt eru inn á herforingjaráðskort frá 1908.⁹ Að öðru leyti eru grónir hlutar skipulagssvæðisins að mestu mólendi.

Árið 1946 tók Sandgræðsla Íslands hluta Stokkalækjar eignarnámi en hefðbundinn búskapur var þó stundaður á jörðinni fram á seinni hluta 20. aldar.¹⁰ Einnig var starfrækt klakhús á jörðinni sem tók 400-500 þúsund hrogn en það var reist árið 1944 af Fiskræktarfélagi Rangæinga. Stangveiðifélag Reykjavíkur tók síðar yfir húsið og rak fram á 8. áratug aldarinnar.¹¹ Stokkalækur lagðist í eyði um tíma í lok 20. aldar en frá því í kringum aldamótin 2000 hefur ýmis gisti- og ferðaþjónustustarfsemi verið rekin á gamla bæjarstæðinu, í byggingu

2 DI IV, 72.

3 ÍF XII, 147.

4 DI VII, 40; DI XII, 654; VS Rangvellingabók II, 402.

5 „Keldnakirkja“, 1947, 1.

6 JÁM I, 240.

7 Gestur 1948, 12; VS Rangvellingabók II, 403.

8 JÁM I, 241.

9 Hkort 48 NA.

10 VS Rangvellingabók II, 402; SB V, 78.

11 Magnús Jóhannsson & Guðni Guðbergsson 1991, 7; V.M. 1961, 48; Magnús Ólafsson 1976, 11.

sem upphaflega var reist sem fjós og hlaða.¹² Upp úr aldamótum var bæjarstæði Stokkalækjar einnig fært norður fyrir þjóðveg. Á sama tíma var jörðinni skipt upp og Tindasel 1 og 2 stofnuð sunnan vegar. Gamla bæjarstæði jarðarinnar og bæjarhús tilheyra í dag Tindaseli 1.¹³ Engin bæjarhús eru á Tindaseli 2.



12 „Úr eyði í miðstöð hálendisjaðarsins,, 2001, 16. Sjá einnig m.a. Kolbrún Bergþórsdóttir 2009, 24.

13 Efla verkfræðistofa 2024, 4.

VI. Niðurstöður og umræða

Alls voru skráðar 59 fornleifar á 45 minjastöðum innan skipulagssvæðisins. Þeim má skipta í nokkra flokka til að draga fram helstu einkenni þeirra (Graf 1). Um ákveðinn hluta minjanna gildir að ekkert er vitað með vissu um hvaða hlutverki þær gegndu. Þetta á við um 22 af fornleifunum sem skráðar voru en þær minjar eru flestar vörður eða garðlög. Næst stærsti flokkur fornleifa á svæðinu eru minjar í úthaga, en 17 slíkar minjar voru skráðar. Minjar í úthaga geta verið af fjölbreyttum toga en eiga það sammerkt að tengjast nýtingu úthaganna, s.s. beitarhús, kvíar, réttir, heystæði og vörslugarðar. Til minja í heimatúni teljast níu fornleifar. Allt heimatún Stokkalækjar er innan skipulagssvæðisins, en einnig falla í þennan flokk tvær minjar fast sunnan við heimatúnið, akur RA-281:023 og hellir RA-281:022_01 sem notaður var til mjólkurgeymslu. Minjar sem teljast til bústaða eru að jafnaði innan heimatúna, en eru hér settar í sérflokk til að draga þær betur fram. Í þann flokk falla tvær fornleifar, bæjarhóll RA-281:001_01 og eldhús RA-281:001_02. Átta fornleifar teljast til samgönguminja og eru þær flestar leiðir, en einnig var skráð eitt vað, Gamlavað RA-281:020, varða RA-281:042 sem líklega vísaði á vaðið og hestasteinn RA-281:026. Að auki var skráð ein fornleif sem ekki átti vel heima í öðrum minjaflokkum, en það er mylla RA-281:028.

Ummerki sáust um mikinn meirihluta skráðra fornleifa, eða rétt tæp 90%. Það má telja óvenju hátt hlutfall, en í aðalskráningu fornleifa á Rangárvöllum 2007-2009 fundust til að mynda að jafnaði greinileg ummerki um 61-62% fornleifa.¹⁴ Hafa þarf þó í huga að skráningaraðferðir og aðgengi að gögnum s.s. loftmyndum sem auðvelda skrásetjurum að finna minjar hafa tekið nokkrum breytingum síðasta áratug. Yfirlit um skráðar minjar og ástand þeirra má sjá í töflu 1.

Tafla 1: Skráðar fornleifar og ástand þeirra.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
RA-281:001_01	Stokkalækur	bæjarhóll	bústaður	hleðslur standa
RA-281:001_02		hús	eldhús	undir þaki
RA-281:002		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar
RA-281:003	Smiðja	tóft	smiðja	hleðslur standa
RA-281:009_01		tóft	fjárhús	hleðslur signar
RA-281:009_02		garðlag	túngarður	hleðslur signar
RA-281:009_03		tóft	heystæði	hleðslur útflattar

¹⁴ Ágústa Edwald 2008, 367; Kristborg Þórsdóttir 2010, 182.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
RA-281:009_04		tóft	heystæði	hleðslur signar
RA-281:009_05		þúst	fjárhús	hleðslur signar
RA-281:009_06		tóft	fjárhús	hleðslur signar
RA-281:009_07		gryfja	óþekkt	sést til
RA-281:011		tóft	fjárhús	hleðslur standa
RA-281:012	Réttargil	hleðsla	rétt	hleðslur standa
RA-281:013	Fornukvíar	tóft	kvíar	hleðslur standa grónar
RA-281:014		varða	óþekkt	hleðslur standa
RA-281:020	Gamlavað	heimild	vað	ekki sést til fornleifar
RA-281:021		gata	leið	sést til
RA-281:022_01		hellir		sést til
RA-281:022_02		kantur	óþekkt	hleðslur standa grónar
RA-281:023		heimild	akur	ekki sést til fornleifar
RA-281:024	Lambhúslaut	örnefni	lambhús	ekki sést til fornleifar
RA-281:026		áletrun		ekki sést til fornleifar
RA-281:028		tóft	mylla	hleðslur standa grónar
RA-281:029		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar
RA-281:031		vegur	traðir	hleðslur útflattar
RA-281:032		garðlag	vörslugarður	hleðslur standa grónar
RA-281:033		þúst	útihús	hleðslur útflattar
RA-281:034		þúst	útihús	hleðslur útflattar
RA-281:036		varða	óþekkt	hleðslur standa
RA-281:037_01		garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar
RA-281:037_02		gerði	óþekkt	hleðslur standa grónar
RA-281:039		varða	óþekkt	hleðslur standa grónar
RA-281:040_01		varða	óþekkt	hleðslur standa
RA-281:040_02		varða	óþekkt	hleðslur standa
RA-281:040_03		varða	óþekkt	hleðslur standa
RA-281:041		garðlag	óþekkt	hleðslur signar
RA-281:042		varða	óþekkt	hleðslur standa
RA-281:043_01		garðlag	óþekkt	hleðslur signar
RA-281:043_02		gryfja	óþekkt	sést til
RA-281:044		varða	óþekkt	hleðslur standa

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
RA-281:045		garðlag	óþekkt	hleðslur signar
RA-281:046		varða	óþekkt	hleðslur standa
RA-281:047		gryfja	óþekkt	sést til
RA-281:048_01		garðlag	óþekkt	hleðslur signar
RA-281:048_02		garðlag	óþekkt	hleðslur signar
RA-281:049		þúst	útihús	hleðslur útflattar
RA-281:050		garðlag	vörslugarður	hleðslur standa grónar
RA-281:051_01		gata	leið	sést til
RA-281:051_02		vegur	leið	sést til
RA-281:052		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
RA-281:053		varða	óþekkt	hleðslur signar
RA-281:054		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
RA-281:055		gata	leið	sést til
RA-281:056		vegur	leið	sést til
RA-281:057		þúst	óþekkt	sést til
RA-281:058		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
RA-281:059		tóft	óþekkt	hleðslur signar
RA-281:060		varða	óþekkt	hleðslur signar
RA-281:061		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar

Auk þeirra 59 fornleifa sem skráðar voru innan skipulagssvæðisins fundust fjórar minjar sem ekki teljast til fornleifa í lagalegum skilningi en rétt þykir að nefna hér til að koma í veg fyrir misskilning um eðli mannvistarleifanna. Ungu minjarnar voru hnitsettar og eru sýndar á minjakortum sem fylgja þessari skýrslu en verða að öðru leyti ekki til umfjöllunar í skýrslunni. Um er að ræða tvær grjóthleðslur um 150 m norðan bæjar og tvær gryfjur norðarlega á skipulagssvæðinu, vestan heimreiðar. Í öllum tilvikum þótti fullvíst eftir yfirferð loftmynda í safni Loftmynda ehf og Náttúrufræðistofnunar (áður Landmælinga Íslands) að um væri að ræða minjar frá 21. öld eða seinni hluta 20. aldar.

VI.I Almennt hættumat

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru. Í takt við fyrirmæli Minjastofnunar Íslands var á vettvangi bæði metin sú hætta sem að minjum stafaði vegna framkvæmda (tímabundin hætta) og sú hætta sem að minjunum stafaði almennt, ef ekki kæmi til framkvæmda.

Þegar teknar eru saman upplýsingar um almennt hættumat má sjá að aðeins ein fornleif taldist í mikilli hætту, 34 í hætту og 24 í engri hætту. Bæjarhóll RA-281:001_01 var metinn í mikilli hætту vegna bygginga sökum þess að þegar staðurinn var heimsóttur í apríl 2025 hafði nýlega verið reist hús fast suðvestan hólans og við þá framkvæmd grafið inn í bæjarhólinn. Nokkrir gripir voru greinilegir í sniði, líklega frá seinni hluta 19. aldar til 20. aldar og voru þeir tíndir upp til afhendingar

Þjóðminjasafni Íslands. Af þeim 34 fornleifum sem metnar voru í hætту voru 18 í hætту vegna ábúðar, og voru það allar fornleifar innan eða fast við gamla heimatún Stokkalækjar að frátöldum bæjarhóli RA-281:001_01 sem áður er nefndur, auk minja á svæði vestan við Réttargil þar sem tún hafði verið ræktað upp. Hinar fornleifarnar sem metnar voru í hætту voru flestar í hætту vegna rofs, eða 13 talsins, en stór hluti skipulagssvæðisins er uppblásið land. Þrjár fornleifar voru hins vegar metnar í hætту vegna rasks, og var það garðlag RA-281:048_01, götur RA-281:051_01 og vegur 051_02. Þær fornleifar ná allar inn á landsvæði vestan við deiliskipulagsreitinn sem búið var að herfa. Svæðið var ekki athugað á vettvangi, þar sem það var utan deiliskipulagsins. Garðlag RA-281:048_01 sést enn á loftmyndum þrátt fyrir herfingu, en götur RA-281:051_01 og vegur 051_02 virðast horfin á þessu svæði.



Gripir sem fundust í bæjarhól RA-281:001_01.


VI.II Hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda og áhrif framkvæmda á fornleifar

Við hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda var gengið út frá því að ef minjastaður væri innan við 15 m frá fyrirhuguðum vegum, byggingum eða öðrum mannvirkjum teldist hann í mikilli hættu, nema allar líkur væru á að allar leifar hans væru horfnar. Ástæða þessa er sú annars vegar að helgunarsvæði minja er 15 m út frá ystu mörkum hans og hins vegar sú staðreynd að jafnvel þótt öll yfirborðsummerki minjastaðar séu horfin geta mannvistarleifar leynst undir sverði. Aðrir minjastaðir innan úttektarsvæðissins töldust í hættu vegna framkvæmda.


Af 58 skráðum fornleifum voru 11 metnar í mikilli hættu en 47 í hættu. Tvær fornleifanna voru metnar í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra bygginga. Það var annars vegar tóft RA-281:003 sem er um 3,5 m vestan við fyrirhugaða hótél-/þjónustubyggingu á byggingarreit B2, en hins vegar leið RA-281:055 sem liggur fast norðvestan við fyrirhugað norðurljósahús austarlega á byggingarreit B3. Fyrirhugaður stígur að húsinu liggur einnig yfir leiðina. Ástæða þess að hinar fornleifarnar níu voru metnar í mikilli hættu er fyrirhuguð vegagerð og bílastæði. Um bæjarhól RA-281:001_01, eldhús RA-281:001_02, kálgarð RA-281:029 og túngarð RA-281:037_01 gildir þó að mestu að þegar eru malarvegir og/eða plön við minjarnar, en ekki er ljóst hversu umfangsmiklar umbætur á þeim kunna að verða. Hins vegar er einnig fyrirhugað að gera bílastæði fast austan við bæjarhól RA-281:001_01 þar sem ekki er malarplan fyrir. Núverandi heimreið liggur fast norðan við bæjarhól RA-281:001_01 en eldhús RA-281:001_02 er um 9 m frá malarplani vestan við núverandi íbúðarhús. Sýnilegar leifar kálgarðs RA-281:029 eru horfnar, en mögulegt er að minjar leynist undir yfirborði. Núverandi íbúðarhús stendur u.þ.b. á miðju því svæði þar sem garðurinn var, en hann hefur líklega náð um 10-11 m lengra til vesturs frá íbúðarhúsinu, undir núverandi malarplani. Sýnilegar leifar túngarðs RA-281:037_01 eru um 5 m norðan við núverandi heimreið, en hann náði áður um 38 m lengra til suðurs,¹⁵ að tröðum RA-281:031, og liggur núverandi heimreið yfir svæði þar sem túngarðurinn var áður.

Taðir RA-281:031 liggja til vestur frá bænum. Að hluta til hefur verið sléttað úr þeim og hefur austasti hluti taðanna lent undir núverandi heimreið og hlöðnum skjólgarði en þær eru þó enn greinilegar í túninu vestan bæjar. Þar er fyrirhugað að leggja veg frá núverandi heimreið að fyrirhugaðri hótél-/þjónustubyggingu og mun hann liggja yfir taðirnar miðað við áætlanir.


¹⁵ Túnakort 1917.



Fyrirhugaðar framkvæmdir í og við heimatún Stokkalækjar. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.



Fyrirhugaðar framkvæmdir við leið RA-281:055. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.



Fyrirhugaðar framkvæmdir við garðlag RA-281:050 og leið RA-281:051_01. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.



Fyrirhugaðar framkvæmdir í við leið RA-281:056. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Ekki eru þekktar aðrar fornleifar innan heimatúns sem lenda undir fyrirhuguðum mannvirkjum. Þó er rétt að minna á að dreifing minjastaða er hvergi eins þétt og í heimatúnum og því eru líkur á því að áður óþekktar minjar komi í ljós margfalt meiri þar en í úthögum.

Utan heimatúns er áætlað að leggja veg til VSV frá núverandi heimreið að norðurljósahúsum á byggingarreit B3 en þar er nú að hluta gróinn slóði. Mun sá vegur liggja tæpum 1 m sunnan við fjárhús RA:281:011. Vegurinn liggur jafnframt yfir svæði þar sem garðlag RA-281:032 sést á loftmynd frá 1960.¹⁶ Greinilegar leifar garðlagsins sjást nú fyrst um 13 m ASA við veginn, en mögulegt er að enn séu þar minjar undir yfirborði.

Fyrirhugaður vegur mun liggja áfram frá norðurljósahúsum til norðurs að gestahúsum á byggingarreit B1. Um miðja veginni milli reitanna mun vegurinn liggja fast austan við garðlag RA-281:050 og litlu norðar mun vegurinn liggja yfir leið RA-281:051. Á þessum stað er þó nú þegar gróinn slóði.

Einnig má nefna að vegur RA-281:056 hefur legið norðan við byggingarreit B1 þar sem fyrirhugaður vegur á að sameinast núverandi heimreið. Engin ummerki um veginn voru þó greinileg á þeim stað og er ólíkegt að ummerki um hann finnist undir sverði. Sama gildir um þau svæði þar sem núverandi heimreið liggur yfir gamla veginn og var hann því ekki metinn í mikilli hættu. Vegurinn var hins vegar metinn í hættu vegna framkvæmda þar sem leifar hans sjást annars staðar á skipulagssvæðinu.

Við gerð hættumats er metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki sé gripið til sérstakra ráðstafana. Í meirihluta tilfella er hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfistíganleg en hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna umræddum minjastað. Verði tekið tillit til staðsetningar minja við hönnun á mannvirkjum innan skipulagssvæðisins ætti að mestu að vera hægt að forða þeim frá raski. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður. Hafa ber einnig í huga að áður óþekktar minjar kunna að koma í ljós við framkvæmdir og skal þá hafa samband við Minjastofnun Íslands og gera viðvart um fundinn.

¹⁶ Loftmyndasafn LMÍ.

Tafla 2: Skráðar fornleifar og hætta vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Samtala	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Ástæða
RA-281:001_01	bæjarhóll	bústaður	mikil hætta	vegna vegagerðar
RA-281:001_02	hús	eldhús	mikil hætta	vegna vegagerðar
RA-281:002	heimild	útihús	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:003	tóft	smiðja	mikil hætta	vegna byggingar
RA-281:009_01	tóft	fjárhús	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:009_02	garðlag	túngarður	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:009_03	tóft	heystæði	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:009_04	tóft	heystæði	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:009_05	þúst	fjárhús	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:009_06	tóft	fjárhús	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:009_07	gryfja	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:011	tóft	fjárhús	mikil hætta	vegna vegagerðar
RA-281:012	hleðsla	rétt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:013	tóft	kvíar	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:014	varða	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:020	heimild	vað	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:021	gata	leið	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:022_01	hellir		hætta	vegna framkvæmda
RA-281:022_02	kantur	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:023	heimild	akur	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:024	örnefni	lambhús	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:026	áletrun		hætta	vegna framkvæmda
RA-281:028	tóft	mylla	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:029	heimild	kálgarður	mikil hætta	vegna vegagerðar
RA-281:031	vegur	traðir	mikil hætta	vegna vegagerðar
RA-281:032	garðlag	vörslugarður	mikil hætta	vegna vegagerðar
RA-281:033	þúst	útihús	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:034	þúst	útihús	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:036	varða	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:037_01	garðlag	túngarður	mikil hætta	vegna vegagerðar
RA-281:037_02	gerði	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:039	varða	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda

Samtala	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Ástæða
RA-281:040_01	varða	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:040_02	varða	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:040_03	varða	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:041	garðlag	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:042	varða	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:043_01	garðlag	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:043_02	gryfja	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:044	varða	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:045	garðlag	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:046	varða	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:047	gryfja	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:048_01	garðlag	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:048_02	garðlag	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:049	þúst	útihús	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:050	garðlag	vörslugarður	mikil hætta	vegna vegagerðar
RA-281:051_01	gata	leið	mikil hætta	vegna vegagerðar
RA-281:051_02	vegur	leið	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:052	garðlag	vörslugarður	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:053	varða	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:054	garðlag	vörslugarður	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:055	gata	leið	mikil hætta	vegna byggingar
RA-281:056	vegur	leið	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:057	þúst	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:058	garðlag	vörslugarður	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:059	tóft	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:060	varða	óþekkt	hætta	vegna framkvæmda
RA-281:061	garðlag	vörslugarður	hætta	vegna framkvæmda

Heimildir

- Ágústa Edwald (ritstjóri). 2008. *Fornleifaskráning í Rangárþingi ytra: Áfangaskýrsla I*. FS379-06191. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn*. 1857-1950. I.-XV. bindi. Kaupmannahöfn & Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Efla verkfræðistofa. 2024. Tindasel. Deiliskipulag ferðapjónustusvæðis. 30.08.2024.
- Gestur. 1948. „Sjötugsafmæli Egils Jónssonar Stokkalæk,,. *Morgunblaðið*, 17. september, bls. 12.
- Hkort:** Dönsku herforingjaráðskortin. 1905-1915. Landsbókasafn Íslands.
- HS:** Helga Skúladóttir. 1950. *Rangárvellir 1930: lýsing landslags, jarða og búenda, uppdrættir bæjanna, m.m.* Reykjavík : Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.
- ÍF XII:** *Brennu-Njáls saga*. 1954. Íslenzk fornrit XII. Einar Ól. Sveinsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- JÁM I:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1913-1917. I. bindi. Vestmanneyja- og Rangárvallasýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- JJ:** J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- „Keldnakirkja,,. 1947. *Kirkjublaðið*, 27. október, bls. 1.
- Kolbrún Bergþórsdóttir. 2009. „Tónlistarsetur fyrir ungt fólk.“ *Morgunblaðið*, 29. júní, bls. 24.
- Kortadeild Bandaríkjahers (AMS). 1948. Landsbókasafn Íslands.
- Kristborg Þórsdóttir (ritstjóri). 2010. *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla II*. II. bindi. FS446-06192. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Loftmyndasafn LMÍ:** Landmælingar Íslands. 1937-2000. Loftmyndasafn. Sótt af <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>.
- Loftmyndasjá LMÍ:** Landmælingar Íslands. 1945-2000. Loftmyndasjá. Sótt af: <https://loftmyndasja.gis.is/mapview/?application=loftmyndasja>.
- Loftmyndir ehf:** Loftmyndir ehf. 1996-2024. Tímaflakk. Sótt af: <https://www.map.is/>.
- Magnús Jóhannsson & Guðni Guðbergsson. 1991. *Árangur gönguseiðasleppinga á vatnasvæði Rangánna*. Selfossi: Veiðimálastofnun - Suðurlandsdeild.
- Magnús Ólafsson. 1976. „Stangveiðifélag Reykjavíkur 1964-1976.“ *Veiðimaðurinn* 97, bls. 5-13.
- SB V:** *Sunnlenskar byggðir V. Rangárþing vestan Eystri-Rangár*. 1983. Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson (ritstjórar). [Selfossi]: Búnaðarsamband Suðurlands.
- Túnakort:** Uppdrættir af túnum 1919-1922. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Uppdráttur Íslands. 1921-1934. Landsbókasafn Íslands.
- „Úr eyði í miðstöð hálendisjaðarsins.“ 2001. *Morgunblaðið*, 4. júlí, bls. 16.
- VS Rangvellingabók:** Valgeir Sigurðsson. 1982. *Rangvellingabók. Saga jarða og ábúðar í Rangárvallahreppi*. I-II. bindi. Hellu: Rangárvallahreppur.

V.M. 1961. „Frá stjórn S.V.F.R.“ *Veðimaðurinn* 57, bls. 44-48.

Ö-Stokkalækur: Örnefnaskrá Stokkalækjar. Án ártals. Bergsteinn Kristjánsson skráði.
Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	X (A)	Y (N)
RA-281:001_01	445706	367489
RA-281:001_02	445702	367483
RA-281:002	445605	367405
RA-281:003	445671	367366
RA-281:009_01	445286	367475
RA-281:009_02	445280	367484
RA-281:009_03	445276	367481
RA-281:009_04	445273	367471
RA-281:009_05	445234	367461
RA-281:009_06	445199	367450
RA-281:009_07	445125	367433
RA-281:011	445528	367520
RA-281:012	445497	367458
RA-281:013	445521	367400
RA-281:014	445329	368070
RA-281:020	445777	368105
RA-281:021	445684	368037
RA-281:022_01	445763	367344
RA-281:022_02	445769	367341
RA-281:023	445700	367325
RA-281:024	445556	367394
RA-281:026	445701	367475
RA-281:028	445908	367282
RA-281:029	445696	367468
RA-281:031	445634	367477
RA-281:032	445577	367492
RA-281:033	445278	367374
RA-281:034	445310	367398
RA-281:036	445188	368213


Samtala	X (A)	Y (N)
RA-281:037_01	445630	367553
RA-281:037_02	445637	367546
RA-281:039	445813	367569
RA-281:040_01	445853	367961
RA-281:040_02	445910	368036
RA-281:040_03	445918	368041
RA-281:041	445898	368035
RA-281:042	445735	368100
RA-281:043_01	445757	367915
RA-281:043_02	445751	367871
RA-281:044	445630	367850
RA-281:045	445619	367947
RA-281:046	445413	368055
RA-281:047	444940	368033
RA-281:048_01	444913	367672
RA-281:048_02	444941	367677
RA-281:049	445295	367430
RA-281:050	445035	367579
RA-281:051_01	445227	367643
RA-281:051_02	445310	367627
RA-281:052	445623	367279
RA-281:053	445464	367110
RA-281:054	445148	367099
RA-281:055	445361	367215
RA-281:056	445476	367780
RA-281:057	445850	367391
RA-281:058	445573	367435
RA-281:059	445745	367555
RA-281:060	445603	367676
RA-281:061	445362	367651

Viðauki II: Minjakort


Kort á næstu síðum eru unnin ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.


Skýringar		
● Fornleif	□ Niðurgröftur	□ Afmörkun deiliskipulagsreits
● Ungar minjar	■ Fornleif merkt af loftmynd, fláki	□ Fyrirhugaðir byggingarreitir
□ Bæjarhóll	— Kantur	■ Fyrirhugaðar byggingar
▨ Grjót	⋯ Klettur	□ Fyrirhuguð hreinsivirki
■ Torf	--- Leið	— Fyrirhugaðir vegir, stígar og bílastæði
▨ Torf og grjót	--- Fornleif merkt af loftmynd, lína	
□ Þúst	--- Horfnar fornleifar (gróflega áætluð staðsetning)	

Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.





Minjakort - Yfirlit







Minjakort I



0 100 200 300 400 500 m



Minjakort II



RA-281:036

RA-281:021

RA-281:014

RA-281:046

RA-281:042

RA-281:021

RA-281:020

RA-281:040_02

RA-281:040_03

RA-281:041

RA-281:040_01

RA-281:045

Unggyfja

RA-281:043_01

RA-281:043_02

RA-281:044

RA-281:056

RA-281:061

RA-281:051_01

RA-281:051_02


0 100 200 300 400 500 m



Minjakort III

Unggyfa

Unggyfa



RA-281:014

RA-281:047

RA-281:044

RA-281:056

RA-281:060

RA-281:048_01

RA-281:048_02

RA-281:050

RA-281:061

RA-281:051_01

RA-281:051_02

RA-281:037_01

RA-281:011

RA-281:037_02

RA-281:009_02

RA-281:009_04

RA-281:009_06

RA-281:009_07

RA-281:009_05

RA-281:049

RA-281:031

RA-281:058

RA-281:012

RA-281:034

RA-281:033

RA-281:002

RA-281:013

RA-281:024

RA-281:003

500 m

400

300

200

100

0

